

Íslensku glæpasagnaverðlaunin

Blóðdropinn

Hið íslenska glæpafélag stofnaði Íslensku glæpasagnaverðlaunin Blóðdropann árið 2007. Árið 2022 hófst samstarf við Félag íslenskra bókaútgefenda samkvæmt gildandi samstarfssamningi.

I. Tilgangur

1. grein

Tilgangur Blóðdropans er að styrkja stöðu frumsaminnna íslenskra glæpasagna á íslenskri tungu, efla vandaða glæpasagnaútgáfu auka umfjöllun um glæpasögur í fjölmiðlum og hvetja almenna lesendur til umræðna um glæpasögur.

II. Val bóka til samkeppni

2. grein

Hver sá sem gefur út prentaðar glæpasögur skrifaðar á íslensku og sem fánlegar eru á almennum markaði, á þess kost að leggja fram þær af bókum sínum sem hann óskar að komi til álita samkvæmt starfsreglum Íslensku bókmenntaverðlaunanna og að frágengnum þátttökukostnaði.

Heimilt er að skila pdf handritaútgáfum fram að afhendingu prentaðra útgáfuverka. Dómnefndareintök skulu vera á prentuðu formi. Þrjú fullfrágengin útgáfuverk fyrir dómnefndir og fjögur fyrir lokadómnefndir tilnefndra bóka eru hluti af þátttökukostnaði og ekki endurkrefjanleg.

III. Val á framúrskarandi glæpasögum ársins

3. grein

Um mánaðamót nóvember/desember verða valdar þrjár til fimm framúrskarandi glæpasögur útgáfuársins. Þrír dómara nast valið. Hið íslenska glæpafélag skipar einn dómara og Félag íslenskra bókaútgefenda skipar tvo dómara auk þess að velja dómnefndarformann. Eigi skulu sömu menn starfa sem dómara lengur en þrjú ár samfleytt og líða skulu a.m.k. tvö ár frá dómaraströfum áður en menn koma til þeirra á ný.

IV. Val verðlaunabókar ársins

4. grein

Lokadómnefnd skal skipuð formanni dómnefndar Blóðdropans ásamt formönnum þriggja nefnda Íslensku bókmenntaverðlaunanna og fulltrúa skipuðum af forseta Íslands og er sá jafnframt formaður lokadómnefndar. Dómnefndin velur eina bók úr hverjum flokki til verðlauna sem forseti Íslands afhendir við hátíðlega athöfn eigi síðar en 15. febrúar.

Handhafi Blóðdropans er jafnframt fulltrúi Íslands í samkeppni Skandinaviska Kriminalsällskapet um Glerlykilinn árið þar á eftir. Handrit skulu lögð fram á norsku, dönsku, sænsku eða ensku fyrir þann tíma sem stjórn og/eða reglur SKS kveða á um hverju sinni. Það er á ábyrgð höfundar og/eða útgefanda verðlaunaverksins að sjá til þess að þýðing liggja fyrir í tæka tíð.

V. Verðlaunafé

5. grein

Félag íslenskra bókaútgefenda kostar verðlaunafé og alla umsjón með framkvæmd Blóðdropans. Hið íslenska glæpafélag kostar verðlaunagripinn.

VI. Um merki verðlaunanna

6. grein

Tilnefndar bækur hljóta rétt til þess að bera tilnefningarmerki verðlaunanna og verðlaunabækur sömuleiðis verðlaunamerkið. Ekki er leyfilegt að birta merki verðlaunanna án snertingar við bókakápu þeirrar bókar sem hlotið hefur tilnefningu eða verðlaun.

Samkv. stjórnarsamþykkt Félags íslenskra bókaútgefenda og Hins íslenska glæpafélags í apríl og maí 2026. Reglur frá 2025 með áorðnum breytingum frá 2026.